



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓK *Alþingi*
Erindi nr. P 131/1039
Alþingi
Erindi nr. P 131/1039
komudagur 9.3.2005

Reykjavík, 09.03.2005

Tilv. 23.1

JS/sv


Málefni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 131. löggj. þing 2004-2005, 362. mál, um sóknardaga, meðafla, áframeldi ofl.

Vísað er í erindi dags. 10. febrúar 2005 varðandi ofangreint frumvarp til laga.

Hafrannsóknastofnunin hefur ekki athugasemdir við greinar frumvarps. Vakin skal þó athygli á að samkvæmt 10. grein frumvarps er framlengd heimild til sjávarútvegsráðherra til sérstakrar ráðstöfunar aflaheimilda sem nema 500 lestum af óslægðum þorski. Í núgildandi lögum (nr 85/2002, 16. gr) segir, að þessum "aflaheimildum skal ráðstafað til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnunina sem fylgist með tilrauninni og birtir niðurstöður um gang hennar." Með lagasetningunni er því lögð skylda á herðar Hafrannsóknastofnuninni að sinna bæði eftirlits- og skýrslugerðarhlutverki. Svo fullur árangur náist af útgáfu þessara aflaheimilda er því mikilvægt að stofnunin geti sinnt þessum þætti verksins, auk þess sem nauðsynlegt er að sinna lágmarks leiðbeininigastarfi fyrir þá fjölmörgu aðila sem taka þátt í tilraunastarfinu. Því verður ekki séð að umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins standist en þar er tekið fram að samþykki frumvarpsins leiði ekki til "sérkostnaðarauka fyrir ríkissjóð". Miðað við reynslu undanfarinna ára má ætla að hér sé að lágmarki um að ræða hálf til eitt starfsgildi sérfræðings.

Er þess óskað að ofangreint sé haft til hliðsjónar við afgreiðslu frumvarpsins.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

552-0240

Póstfax:

562-3790

Heimasíða:

<http://www.hafro.is/>
hafro/sjalf.html

Tölvupóstfang:

librarian@hafro.is